



Alþingi
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2021

Efni: 586. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - frumvarp til laga um loftferðir

Samgöngustofa vísar til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 18. mars 2021, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um loftferðir, 586. mál.

Samgöngustofa þakkar fyrir tækifærið til að koma athugasemdum á framfæri við þingnefndina og hefur að svo stöddu ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Hins vegar vill Samgöngustofa nota tækifærið og benda á mikilvægi þess að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst, og þá sér í lagi vegna flugöryggislegra skuldbindinga Íslands á Evrópuvettvangi. Ber þar einkum að nefna nýja grunngerð í flugi¹, sem hefur tekið gildi í Evrópusambandinu, og fjölda afleiddra gerða á grundvelli hennar sem bíða innleiðingar í landsrétt.

Virðingarfyllt


Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildastjóri lögfræðideildar


Vala Hrönn Viggósdóttir
lögfræðingur

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91.